

FORSETABRÉF**um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 106. löggjafarþings, frá 20. desember 1983 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 23. janúar 1984.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

15. desember 1983

Nr. 70

LÖG**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í
Norræna fjárfestingarbankanum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 4 400 000 sérstök dráttarréttindi (SDR) og leggja fram 10% þeirrar fjárhæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.